

Heimastjórn Arnarfjarðar - 17 (11.2.2026) - Umferðarreglur í Vesturbyggð, í þéttbýli

|                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
|--------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Málsnúmer          | : 2410124                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Málsaðili          | : Vesturbyggð                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Niðurstaða (stutt) | :                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| Fundardagur        | : 11.02.2026                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Inngangur          | : Reglur um umferðarhraða á Bíldudal                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| Niðurstaða         | <p>: Heimastjórn Arnarfjarðar lýsir áhyggjum sínum af umferðaröryggi á Hafnarbraut þar sem gangstéttir eru ekki alla leið meðfram götunni og um hana er þung umferð flutningabíla. Brýnt er að huga að öryggi skólabarna og annarra vegfarenda þegar nýtt skólahúsnæði verður tekið í notkun auk þess sem íþróttahúsið er á þessu svæði. Skoða þarf vel hvaða leiðir eru færar til að afmarka gönguleiðir/gangbrautir meðfram götunni, alla leið frá Dalbraut og niður brekkuna að skólanum og einnig meðfram hafnarsvæði þannig að öryggi allra vegfarenda sé tryggt sem best.</p> <p>Einnig má benda á að framkvæmdir eru framundan við hafnarsvæðið þar sem ráðgert er að setja upp trébryggju í sumar og því nauðsynlegt að hafa öll þessi atriði í huga við skipulag gönguleiða strax í vor.</p> <p>Heimastjórn Arnarfjarðar beinir þeim tilmælum til bæjarstjórnar að koma þessum málum í framkvæmd sem fyrst til að tryggja öryggi allra þeirra sem leið eiga um þetta svæði.</p> <p>Samþykkt samhljóða.</p> |